



## **Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 8. apríl 2024 klukkan 17:00.**

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Þormóður Skorri Steingrímsson, Íva Rut Viðarsdóttir, Sigrún Valdimarsdóttir, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir og Einar Gíslason.

### **1. Erindi frá hestamannafélaginu Sörla**

Borist hefur erindi frá Hmf. Sörla um afnot af keppnissvæði Fáks fyrir Landsmótsúrtöku Sörla dagana 28. maí til 1. júní. Á þeirra svæði standa yfir miklar framkvæmdir við reiðhöll sem hafa neikvæð áhrif á aðstæður við keppnisvelli þeirra.

Stjórn samþykkir að lána þeim svæðið.

### **2. Hreinsunardagur og Firmakeppni**

Gerð er tillaga um að hafa Hreinsunardag Fáks 23. apríl næstkomandi. Hann verður hefðbundinn, hefst um 17:00 og lýkur með grilli í Guðmundarstofu.

Firmakeppni Fáks fer fram sumardaginn fyrsta 25. apríl næstkomandi. Stjórnarmönnum er falið að hafa samband við fyrirtæki og safna áheitum.

Verða þessir viðburðir auglýstir á vefsíðu Fáks og samfélagsmiðlum.

### **3. Nýr ofn í félagsheimili**

Ofn í félagsheimili er farinn að sýna bilunarskilaboð reglulega og er nú er svo komið að ekki er hægt að treysta á að hann endist á meðan veisluhaldi stendur. Viðhaldsaðili hefur metið að ekki borgi sig að taka ofninn í gegn og þá er ekki víst að það skili árangri. Ofninn er einfaldlega orðinn gamall og úr sér genginn.

Framkvæmdastjóra og Sigrúnu er falið að finna nýjan ofn og bera undir stjórn hvað slíkur ofn kostar.

### **4. Fundur með borgarstjóra**

Formaður fundaði með Einari Þorsteinssyni borgarstjóra í Reykjavík í síðustu viku um helstu málefni sem snerta hestamannafélagið Fák. Þar á meðal verkefni sem bæta aðstöðu til íþróttaiðkunnar og æskulýðsstarf.

Áttu þeir jákvæðar umræður og verður formaður í sambandi við borgarstjóra næstu misseri um framgang þessara verkefna.

### **5. Starfsmenn**

Umsóknir hafa borist um auglýst sumarstörf en umsóknarfrestur rann út í gær 7. apríl.

Þá hafa einnig nokkrir aðilar haft samband varðandi starf umsjónarmanns veislusala.

Framkvæmdastjóra er falið að hafa samband við umsækjendur og gera tillögu til stjórnar.



## **6. Aðalfundur**

Vinnsla ársreiknings er langt komin. Næstkomandi þriðjudag, 16. apríl, verður stjórnarfundur þar sem farið verður yfir ársreikninginn 2023. Í framhaldinu verður dagsetning aðalfundar ákveðin.

## **7. Fundur með Almennadalsfélaginu**

Almennadalsfélagið hefur óskað eftir fundi með formanni og framkvæmdastjóra í næstu viku. Framkvæmdastjóra er falið að finna fundartíma.

**Fundi slitið 18:15.**

**Fundargerð ritaði Einar Gíslason**